

Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík, 31. mars 2023
Tilvísun: OS2023030080/50.11
Skjalnr: 394729**Efni: 118. mál – 153. löggjafarþing, umsögn Orkustofnunar**

Vísað er til beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn Orkustofnunar vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkanir, 118. mál.

Hér eftir fer umsögn Orkustofnunar.

Umsögn

1.

Orkustofnun starfar á grundvelli laga um Orkustofnun nr. 87/2033. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga er það eitt af hlutverkum stofnunarinnar að annast þau stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

“Smávirkanir” er, sem slíkt, ekki skilgreint hugtak í laga- og regluverki hér á landi.¹ Þess í stað hefur verið notast við tiltekin stærðarviðmið um leyfisskyldar virkanir sem finna má í raforkulögum nr. 65/2003. Samkvæmt 4. gr. raforkulaga þarf virkjunarleyfi til að reisa og reka raforkuver. Á þessu eru þó undantekningar samkvæmt sama ákvæði laganna. Ekki þar leyfi til að reka raforkuver með uppsettu afli sem er undir 1 MW, nema ef orka frá því raforkuveri sé afhent á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfi raforku. Ef virkanir er með uppsettu afli undir 100 KW þarf ekki virkjunarleyfi, jafnvel þótt að framleiðsla sé afhent á dreifi- og/eða flutningskerfi.²

Samkvæmt lögum og reglum sem gilda um umsóknir vegna virkjanna, tilskilin gögn og málsmeðferð, er ekki gerður greinarmunur á stærð eða aflgetu virkjunar. Ef virkanir er á annað borð leyfisskyld gilda sömu málsmeðferðarreglur og um aðrar virkanir.

Í huga meirihluta fólks og í almennri málvitund hefur orðið „smávirkanir“ aðallega tengingu við rennslisvirkanir í litlum ám eða lækjum við, eða í grennd við, sveitabæi.³ Ber greinargerð þingsályktunartillögu þeirrar er hér er til umfjöllunar þess glögg merki að henni er beint að þess háttar virkunum – „að virkja bæjarlækinn“. Í þessu sambandi er því vert að nefna að hvað eina getur verið orkugjafi rafmagnsframleiðslu. Jafnt straumur, vindur, sólarljós eða þá jarðefnaeldsneyti. Því er mikilvægt að skilgreining smávirkjana sé sett að teknu tilliti til ólíkra eiginleika og áhrifa þeirrar orkutækni og orkugjafa sem nýtt er í slíkri virkjun.

Auk virkjunarleyfis getur virkanir verið háð öðrum leyfum allt eftir eðli framkvæmdar, þar er helst að nefna framkvæmdarleyfi sveitarfélags á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

¹ Getið er um smávirkanir í bráðabirgðarákvæði III laga um niðurgreiðslu húsitunarkostnaðar nr. 78/2002. Þó er ekki getið nánar um skilgreiningu hugtaksins, hvorki í sjálfum lögnum né tengdum lögskýringagögnum.

² Einnig þurfa tilteknar varaflostöðvar ekki virkjunarleyfi, en það er nokkru utar þeirrar umfjöllunar sem hér á við.

³ Raunar er “sveitabær” einnig óskilgreint hugtak í lögum.

2.

Efni hér um ræddrar þingsályktunartillögu er að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að endurskoða lög og reglugerðir sem gilda um leyfisveitingar til uppsetningar smávirkjana með það að markmiði að einfalda umsóknarferli í tengslum við þær. Efni greinargerðar sem lögð er fram með tillögunni snýr þó að miklu leiti að lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í þessu tilliti telur Orkustofnun mikilvægt að áréttu að umhverfismót framkvæmda eru ekki hluti leyfisferils virkjanna. Í kafla 1.1 greinargerðar sem lögð var fram með frumvarpi til þess sem varð að lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana er umhverfismati lýst sem „...ferli sem miðar að því að leiða í ljós afleiðingar ákvarðana fyrir umhverfið áður en þær eru teknar og að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við ákvarðanatöku.“ Umhverfismat, eða úrskurður Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sé ekki matskyld, er því ekki eiginlegur hluti leyfisferils, heldur hluti þeirra rannsókna og gagna sem skylt er að leggja fram með umsókn um virkjunarleyfi og annarra nauðsynlegra leyfa sem opinberir aðilar veita.

3.

Orkustofnun telur fullt tilefni til þess að endurskoða þau lög og þær reglur sem um smávirkjanir gilda. Ekki síst að skilgreint sé með fullnægjandi hætti hvað smávirkjun sé og til hvaða orkugjafa þær ná. Þá er og ástæða til að vísa til orkustefnu Íslands til ársins 2050, sem gefin var út árið 2020. Þar kemur, meðal annars, fram að smávirkjunum sé ætlað hlutverk í orkubúskap þjóðarinnar.

Orkustofnun lýsir sig jafnframt reiðubúna til frekari aðkomu að endurskoðun lagaumhverfis í ljósi hlutverks stofnunarinnar og þeirrar fagþekkingar sem sérfræðingar hennar býr yfir.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sigurjón Njarðarson
Lögfræðingur